

18. júní 2026

HAGSÆLD BYGGIR Á SAMKEPPNISHÆFNI OG FRAMLEIÐNI

Landsframleiðsla á mann, einn besti mælikvarðinn á lífskjör, hefur staðið í stað hér á landi í sjö ár. Til lengri tíma ráðast lífskjör fyrst og fremst af framleiðni hagkerfisins og getu þess til að skapa verðmæti. Þess vegna eru þær aðgerðir sem auka framleiðni jafnframt þær aðgerðir sem bæta lífskjör til frambúðar.

Mikilvægt verkefni hagstjórnar um þessar mundir er að ná niður verðbólgu og skapa skilyrði fyrir lægri vöxtum. Til lengri tíma er það hins vegar aukin framleiðni sem skilar bættum lífskjörum. Aukin framleiðni verður að jafnaði til með fjárfestingu í þekkingu, tækni, innviðum og nýsköpun. Stjórnvöld geta stutt við þá þróun með því að skapa umhverfi sem eflir samkeppnishæfni landsins og hvetur til fjárfestinga og verðmætasköpunar.

Þegar rætt er um samkeppnishæfni er sjónum gjarnan beint að gengi, vöxtum og verðbólgu. Þeir þættir skipta máli en eru aðeins hluti myndarinnar. Samkeppnishæfni ræðst af samspili margra þátta. Þar skipta mannauður, nýsköpun, innviðir, orku- og umhverfismál og hagkvæmt, skilvirkt og stöðugt starfsumhverfi mestu máli.¹ Í því sambandi þarf að gæta þess að skattar og gjöld grafi ekki undan hvötum til fjárfestinga og verðmætasköpunar. Sameiginlegt markmið umbóta á þessum sviðum er að auka framleiðni, styrkja samkeppnishæfni og bæta lífskjör landsmanna.

SAMKEPPNISHÆFNI ER SAMSPIL MARGRA ÞÁTTA

Samkeppnishæfni verður bætt með margvíslegum umbótum eða samspili margra þátta í stefnumörkun stjórnvalda. Til viðbótar við stöðugt, skilvirkt og hagkvæmt starfsumhverfi ráða mannauðs- og menntamál, innviðir og nýsköpun miklu fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og framleiðni hagkerfisins. Með umbótum í menntakerfi og með því að hvetja erlenda sérfræðinga til að koma og starfa hér á landi fást til starfa einstaklingar með þá færni sem þarf til að vinna fjölbreytt störf. Of fáir iðnmenntaðir eru á vinnumarkaði og of fáir með bakgrunn í raun- og tæknigreinum (STEAM).

Nýsköpun er drifkraftur framleiðnivaxtar. Umgjörð nýsköpunar sem felst m.a. í hvötum vegna rannsókna og þróunar og öðru sem gerir frumkvöðlum kleift að breyta hugmyndum sínum í verðmæti, ræður miklu um þróun atvinnulífsins og þar með samsetningu hagkerfisins. Vöxtur tækni- og hugverkaiðnaðar undanfarin ár sýnir vel hverju markviss umgjörð nýsköpunar getur skilað.

Innviðir eru lífæðar samfélagsins. Samgöngur, veitur, orkuflutningar, fjarskipti og húsnæði mynda þann grunn sem atvinnulífið hvílir á. Þegar innviði skortir eða viðhaldi þeirra er ekki sinnt hækkar kostnaður fyrirtækja, fjárfesting verður áhættusamari og framleiðni líður fyrir. Uppbygging og viðhald innviða er því ekki útgjöld heldur fjárfesting sem skilar sér í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni til lengri tíma.

Þessir þættir, ásamt stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi og aðgangi að orku, mynda saman samkeppnishæfni landsins. Þess vegna er samkeppnishæfni eflað með umbótum í mörgum málaflokkum samtímis.

¹ Sjá meðal annars: [Foundations for Growth and Competitiveness 2026, OECD apríl 2026](#), [World Copetitiveness, IMD 2025](#) og [Productivity and its Determinants: Innovation, Education, Efficiency, Infrastructure, and Institutions, Alþjóðabankinn, WP, 2017](#)

Stjórnvöld geta eft samkeppnishæfni og aukið framleiðni með umbótum á eftirfarandi sviðum:



Orka og umhverfi



Mannauður



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir

Orkumál

- Orkuöryggi
- Raforkuverð
- Raforkuframleiðsla
- Leyfisveitingar
- Flutningsgeta
- Orkuskipti
- Endurnýjanlegir orkugjafar
- Orkunýtni

Umhverfismál

- Loftslagsmál
- Kolefnisfótspor
- Losunarheimildir
- Hringrásarhagkerfi
- Náttúruvernd
- Sjálfbær auðlindanýting
- Umhverfisleyfi
- Umhverfismat framkvæmda

- Iðn- og verkmenntun
- STEAM-menntun
- Samstarf atvinnulífs og menntakerfis
- Leikskólar og grunnskólar
- Framhaldsskólar
- Háskólar
- Simenntun og framhaldsfræðsla
- Stafræn færni
- Stjórnenda- og leiðtogamenntun
- Erlendir sérfræðingar
- Þátttaka á vinnumarkaði
- Heilsa og vinnufærni

- Rannsóknir og þróun (R&B)
- Skattahvatar
- Háskólarannsóknir
- Einkaleyfi
- Hugverkaréttur
- Nýsköpunarsjóðir
- Umhverfi frumkvöðla
- Aðgengi að áhættufjármagni
- Tækniyfirfærsla frá háskólum til atvinnulífs
- Gervigreind og sjálfvirknivæðing
- Stafrænar lausnir
- Alþjóðlegt samstarf í R&B
- Aðrir hvatar til nýsköpunar

Stöðugleiki

- Verðbólga
- Vextir
- Gengi krónunnar
- Hagsveiflur

Hagkvæmni

- Fyrirtækjaskattar
- Fjármagnstekjuskattar
- Launatengd gjöld
- Fasteignagjöld
- Umhverfissgjöld
- Leyfisgjöld
- Tollar

Skilvirkni

- Regluverk
- Vönduð lagasetning
- Gullhúðun
- Leyfisveitingar
- Skipulagsmál
- Samkeppnislög
- Fyrirsjáanleiki í stjórnsýslufrákvæmd
- Stafrænir opinberir innviðir
- Málsmeðferðartími
- Opinbert eftirlit
- Réttaröryggi
- Aðgengi að lánsfé
- Virkir fjármagnsmarkaðir
- Kjarasamningar
- Launaskrið
- Vinnumarkaðslöggjöf
- Sveigjanleiki vinnumarkaðar

Íbúðarhúsnæði

- Framboð lóða, hraði skipulagsferla, aðalskipulag sveitarfélaga, deiliskipulag, þétting byggðar, byggingarreglugerð, húsnæðisstuðningur hins opinbera

Samgönguinnviðir

- Vegir, brýr, göng, flugvellar, hafnir, hjólréiða- og göngustigar, almenningsgöngungur

Orkuinnviðir

- Raforkuframleiðsla, flutnings- og dreifikerfi raforku, hita- og vatnsveitur

Fjarskiptainnviðir

- Ljósleiðarakerfi, farsímakerfi, gagnaver, alþjóðatengingar

Byggingar hins opinbera

- Skólar, sjúkrahús, heilsugæsla, löggæsla, dómstólar, menningarstofnanir

Umhverfisinnsviðir


- Fráveitur, sorphirða, endurvinnslukerfi, flóðavarnir, hraun- og gosvarnir

IÐNAÐURINN VILL STÖÐUGLEIKA

Íslenskt hagkerfi hefur lengi einkennst af miklum óstöðugleika. Óstöðugleikinn hefur meðal annars birst í verðbólgu, vöxtum, gengi krónunnar, húsnæðisverði, launakostnaði, breytingum á regluverki, stjórnsýslufrákvæmd og innlendri eftirspurn. Óstöðugleiki dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja vegna þess að hann eykur óvissu, hækkar fjármagnskostnað og dregur úr vilja fyrirtækja til fjárfestinga. Þegar óvissa um framkvæmd regluverks, verðbólgu, vexti eða gengi er mikil hækkar ávöxtunarkrafa fjárfesta og færri verkefni teljast arðbær. Stöðugleiki er því forsenda aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar.

Meiri stöðugleiki einkennir íslenska hagkerfið nú en á árum áður. Að hluta má rekja það til bættrar hagstjórnar sem byggir meðal annars á umbótum sem gerðar hafa verið á umgjörð peningastefnunnar, opinberra fjármála og fjármálakerfisins. Mikil og þrálát verðbólga, sveiflur í landsframleiðslu og miklar breytingar í eignaverði á borð við húsnæðisverð ásamt launahækkunum langt umfram vöxt framleiðni sýna að talsvert er í land til að stöðugleika sé náð.


Hversu miklu máli skiptir stöðugleiki fyrir rekstur þíns fyrirtækis?



Stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja vilja stöðugleika. Í könnun meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja sem Outcome gerði fyrir Samtök iðnaðarins í febrúar síðastliðnum kom fram að 95% stjórnenda töldu að stöðugt starfsumhverfi skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Innan við 1% segja að það skipti nokkuð litlu máli og enginn sagði að það skipti mjög litlu máli. Mikil áhersla er á stöðugleikann í öllum greinum iðnaðar og hjá öllum stærðum iðnfyrirtækja um allt land. Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Í rannsóknnum á fjárfestingum fyrirtækja hefur ítrekað komið fram að aukin óvissa leiðir til þess að fyrirtæki draga úr eða fresta fjárfestingum. Stöðugt starfsumhverfi er því mikilvæg forsenda aukinnar framleiðni og vaxtar.

Stöðugleikinn sem iðnaðurinn vill er fjölbættur. Í því felst m.a. að hagsveiflur séu ekki miklar, verðbólga sé lág, stöðugleiki ríki á vinnumarkaði og gengi gjaldmiðilsins sé stöðugt. Í könnun sem Maskína gerði fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja kemur fram að 92% segja að stöðugt verðlag skipti miklu máli fyrir rekstur fyrirtækisins. Ekki nema 1% segja að það skipti litlu eða engu máli. 87% segja að stöðugt gengi krónunnar skipti miklu máli fyrir reksturinn og ríflega 3% að það skipti litlu eða engu máli. 88% segja að stöðugleiki á vinnumarkaði skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Ekki nema 2% segja að það skipti litlu eða engu máli.

Hversu miklu eða litlu skiptir eftirfarandi fyrir rekstur fyrirtækis þíns?




Eins og sjá má af þessari upptalningu, sem er þó ekki tæmandi, má með réttum ákvörðunum auka stöðugleika, rétt eins og það er hægt að auka sveiflur. Mikilvægt er að stöðugleika sé náð í öllum helstu þáttum sem ákvarða starfsumhverfi fyrirtækja til þess að atvinnu- og efnahagslíf sé blómlegt lítið til lengri tíma.

ÞJÓÐARSÁTT ÞARF TIL AÐ NÁ NIÐUR VERÐBÓLGU OG VÖXTUM


Þróun hagkerfisins síðustu ár er nærtækt dæmi þar sem saman fer óstöðugleiki m.t.t. hagvaxtar, verðbólgu og vaxta. Eftir hraðan hagvöxt er hann nú hægur og slaki hefur tekið við af spennu í hagkerfinu. Fyrirtæki eru orðin varfærnari, neytendur svartsýnni og blikur eru á lofti í iðnaði og í efnahagslífinu öllu með vaxandi atvinnuleysi og fækkun starfandi í iðnaði og viðskiptahagkerfinu. Á sama tíma er verðbólga þrálát, fyrst og fremst vegna innlendra þátta. Í baráttu við verðbólguna hefur Seðlabankinn snúið af leið vaxtalækkunar yfir í vaxtahækkun en háir vextir draga enn frekar úr vexti hagkerfisins.

Hagvöxtur og atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands (SBÍ)

Verðbólga og stýrivextir




Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Þessi staða kallar á sameiginleg viðbrögð. Nú er rétti tíminn til að stilla saman strengina og finna samhljóminn um nauðsynlegar aðgerðir. Byggja þarf á þjóðarsátt þar sem stjórnvöld, atvinnulíf og aðilar vinnumarkaðarins leggja sitt af mörkum til að ná niður verðbólgu og vöxtum, efla samkeppnishæfni Íslands og styrkja verðmætasköpun. Það felur í sér umbætur í fyrrgreindum málaflokkum til viðbótar við umbætur á umgjörð vinnumarkaðarins.

Starfandi í iðnaði og viðskiptahagkerfinu

Breyting frá sama mánuði árinu áður



Heimild: Hagstofa Íslands

Með þjóðarsátt er hægt að draga úr óvissu, auka traust og tryggja að íslenskt hagkerfi standi sterkara til framtíðar. Það skiptir sérstaklega miklu máli á óvissutímum á alþjóðavettvangi að við séum betur í stakk búin að mæta ytri áföllum og sækja tækifærin. Það skiptir sköpum að stefna og ákvarðanir hins opinbera styðji við stöðugleika en auki ekki á vandann. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda styðji við fjárfestingu, atvinnuþátttöku og framleiðnivöxt. Við þær aðstæður sem nú ríkja þarf sérstaklega að meta áhrif nýrra áлага á samkeppnishæfni og fjárfestingu. Á sama tíma er ljóst að nú er ekki rétti tíminn til að draga úr mikilvægri uppbyggingu og viðhaldi innviða. Fjárfesting í

samgöngum og öðrum innviðum, menntun með áherslu á verknám og nýsköpun er grundvöllur aukinnar framleiðni, samkeppnishæfni og stöðugleika.

Til lengri tíma verður ekki unnt að tryggja stöðugt verðlag og aukin líf skjör nema launapróun og framleiðnivöxtur fari saman. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að samkeppnishæfni er ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að bæta líf skjör. Þegar fyrirtæki búa við hagkvæmt og stöðugt starfsumhverfi fjárfesta þau meira, nýta nýja tækni hraðar og geta greitt hærra laun án þess að samkeppnisstaða þeirra veikist. Þannig verða hagsmunir fyrirtækja og almennings í meginatriðum þeir sömu: aukin framleiðni er forsenda varanlegrar kaupmáttaraukningar til lengri tíma.

AUKIN FJÖLBREYTNÍ Í ÚTFLUTNINGI EYKUR STÖÐUGLEIKA


Saga íslenska hagkerfisins undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs fyrir stöðugleika og hagvöxt. Fjölbreyttari útflutningur dregur úr áhættu hagkerfisins þar sem áföll í einni atvinnugrein hafa þá minni áhrif á þjóðarbúið í heild. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til að verða fyrir höggi með tilheyrandi sveiflum.



Með markvissum aðgerðum hefur náðst að fjölga stoðum útflutnings og þar með auka stöðugleika. Fjórar stoðir eru nú undir útflutningi íslenska þjóðarbúsins þ.e. orkusækinn iðnaður, tækni- og hugverkaiðnaður, ferðaþjónusta og sjávarútvegur. Mjög jákvætt hefur verið að sjá vöxt tækni- og hugverkaiðnaðar á síðustu árum en greinin er nú þriðja stærsta stoð útflutnings á Íslandi. Námu útflutningstekjur hennar 369 mö.kr. árið 2025 eða nær 19% af heildarútflutningstekjum íslenska hagkerfisins. Hafa útflutningstekjur greinarinnar aukist um nær 160 milljarða króna á síðustu fimm árum og voru þær á síðasta ári meiri en útflutningstekjur sjávarútvegsins. Haldist sú þróun áfram gæti hugverkaiðnaður orðið verðmætasta útflutningsstoðin við lok áratugarins ef rétt er á málum haldið. Drifkraftur frumkvöðla hefur þar farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda í þágu nýsköpunar. Greinin byggir fyrst og fremst á hugviti sem auðlind og greinir sig þannig talsvert frá öðrum stoðum útflutnings sem byggja á náttúruauðlindum landsins - sjávarútvegur byggir á auðlindum hafsins, orkusækinn iðnaður á raforku og ferðaþjónusta er hópur um margt ólíkra fyrirtækja sem eiga það sameiginlegt að þjónusta ferðamenn með einum eða öðrum hætti. Greinar líkt og tækni- og hugverkaiðnaður geta vaxið án þess að vera bundnar af sömu náttúrulegu takmörkunum og hinar útflutningsstoðirnar þrjár. Þannig styrkir vöxtur nýrra stoða ekki aðeins verðmætasköpun heldur byggir undir aukinn stöðugleika hagkerfisins. Fleiri og fjölbreyttari stoðir gera þjóðarbúið síður berskjaldað fyrir áföllum í einstökum greinum. Með því að styrkja stoðirnar og fjölga þeim verður hagkerfið þannig stöðugra og líf skjör traustari til framtíðar.

Útflutningstekjur

Milljarðar króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Samkeppnishæfni snýst ekki fyrst og fremst um lágan kostnað heldur um mikla framleiðni. Lönd með há laun geta verið mjög samkeppnishæf ef framleiðni er jafnframt mikil. Þess vegna skiptir miklu máli að auka framleiðni. Má gera það með því að auka framleiðni innan núverandi greina og með því að leggja áherslu á vöxt greina þar sem framleiðni er há líkt og tækni- og hugverkaiðnað. Árangur sterkar samkeppnishæfni felst ekki aðeins í auknum umsvifum heldur einnig því að fjármagn, vinnuafli og þekking nýtist þar sem þau skapa mest verðmæti.

ATVINNUSTEFNA STÖKKPALLUR INN Í NÆSTA HAGVAXTARSKEIÐ


Ný atvinnustefna Íslands markar mikilvægt skref í átt að heildstæðari stefnumótun um framleiðni, samkeppnishæfni og hagvöxt. Markmið stefnunnar er að styrkja þá grunnþætti sem ákvarða langtímaframleiðslugetu hagkerfisins; mannauð, innviði, nýsköpun, skilvirkt regluverk og aðgang að orku. Með því er lagður grunnur að aukinni verðmætasköpun og bættum lífskjörum til lengri tíma.

Stefnan er skýr um að ráðast eigi í samhæfðar aðgerðir svo styrkja megi innviði, efla vísindi og nýsköpun, auka færni og menntun í takti við þarfir atvinnulífsins, einfalda regluverk og auka samkeppnishæfni og áfallapol íslensks atvinnulífs. Um er að ræða áherslur sem varða leiðina að bættri alþjóðlegri samkeppnishæfni, aukinni framleiðni og meiri hagsæld landsmanna.

Við eftirfylgni og árangur stefnunnar verður meðal annars horft til vaxtar og fjölbreytni útflutnings. Fjallað var um þessa mælikvarða hér að framan en þeir gefa vísbendingu hversu vel gengur að efla viðnámsþrótt efnahagslífsins og þann grunn verðmætasköpunar sem útflutningur er. Einnig er horft til framleiðni og landsframleiðslu á mann sem er mælikvarði á verðmæti starfa og lífskjör.

Verg landsframleiðsla á mann


Magnvísitala



Heimild: Hagstofa Íslands

Landsframleiðsla á mann

Magnbreyting yfir tímabil



Heimild: Hagstofa Íslands

Landsframléiðsla á mann hefur vaxið mikið hér á landi á síðustu áratugum. Á þeim tíma hefur þjóðin farið úr því að vera í alþjóðlegum samanburði meðal þeirra sem njóta lökustu lífskjaranna í að vera meðal þeirra sem njóta bestu lífskjaranna. Þegar litið er til síðustu 50-60 ára hefur hins vegar hægt á árlegum vexti landsframléiðslu á mann. Síðustu ár hefur síðan orðið stöðnun í þessari þróun sem er áhyggjuefni en landsframléiðsla á mann var viðlíka í fyrra og hún var árið 2018. Lífskjör hafa, þannig mæld, verið óbreytt í sjö ár. Atvinnustefnan miðar að því að rjúfa þessa kyrrstöðu.

Sterk samkeppnishæfni leggur grunninn að efnahagslegri velsæld. Samtök iðnaðarins hafa lengi kallað eftir heildstæðu vaxtarplani fyrir Ísland og telja að stefnan geti orðið stökkpallur inn í næsta hagvaxtarskeið sem mun einkennast af raunverulegum lífskjarabata. Í nýrri atvinnustefnu felast tækifæri til að efla íslenskan iðnað, auka framléiðni og bæta lífskjör hér á landi.

AUKNAR OPINBERAR ÁLÖGUR DRAGA ÚR SAMKEPPNISHÆFNI

Samtök iðnaðarins hafna því að auknar opinberar álögur á verðmætasköpun, fjárfestingu og atvinnustarfsemi stuðli að aukinni framléiðni og samkeppnishæfni. Að sækja ríkisfjármálalegt „aðhald“ um þessar mundir í vasa atvinnulífs og almennings líkt og ríkisstjórnin hefur boðað vegur óhjákvæmilega að fjárfestingargetu, nýsköpun og samkeppnishæfni fyrirtækja og er á skjön við hina nýju atvinnustefnu stjórnvalda. Ísland er nú þegar háskattaríki í alþjóðlegum samanburði. Í því sambandi má nefna áform um að fella niður eða lækka endurgreiðslu VSK vegna vinnu manna á verkstað og aukin skattlagning á fjármála fyrirtæki, sem boðuð er í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2027-2031. Verði þessi áform að veruleika munu þau draga úr samkeppnishæfni og verðmætasköpun.²

Samtök iðnaðarins hafa í mörg ár talað fyrir því að atvinnustefna sem leggur áherslu á samkeppnishæfni eigi að vera kjarni í stefnumótun stjórnvalda. Slík stefna getur eftir fjölbreyttan útflutning, aukið framléiðni, fjölgað verðmætum störfum, stuðlað að stöðugleika í hagkerfinu og leit til meiri hagsældar. Atvinnustefna þarf að vera rauður þráður í gegnum stefnumótun í þeim málaflokkum sem helst hafa áhrif á framléiðni og samkeppnishæfni; menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi og orka og umhverfi.

Samtökin fagna því að nýútgefin atvinnustefna stjórnvalda tekur undir þessa sýn. Árangurinn mun að miklu leyti velta á þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að fylgja eftir metnaðarfullum markmiðum en það er mat SI að með því að setja samkeppnishæfni landsins í forgang og ryðja heimatilbúnum hindrunum úr vegi geti Íslenskur iðnaður leitt vöxt hagkerfisins. Samtökin hafa lýst yfir vilja til áframhaldandi samstarfs við stjórnvöld um farsæla innleiðingu stefnunnar þannig að hún geti eftir íslenskan iðnað í þágu samfélagsins alls. Takist að fylgja atvinnustefnunni eftir með markvissum aðgerðum getur Ísland styrkt stoðir hagvaxtar, aukið framléiðni og skapað betri lífskjör til framtíðar.

² [Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031, 577. mál.](#)